

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 22. september 2015 á Kjóavöllum.

10. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Kristín Njálsdóttir, Hermann Vilmundarson Ólafur Blöndal, Ragna Emilsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Sigurður Tyrfingsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála hjá félaginu. Lokagreiðsla vegna sölu á félagsheimilinu við Hattarvelli er frágengin og einnig hafa fasteignagjöld hjá Kópavogsbæ verið endurgreidd félaginu.
3. Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna sinna. Fór yfir dagskrá í reiðhöll og veislusal næstu vikur. Bókunarstaða í veislusal er mjög góð.
4. Formannafundur LH. Sprettur bauð formönnum hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu til fundar sl. föstudag. Á fundinum var rætt um mögulegt samstarf félaganna í tengslum við fræðslumál, samskipti við reiðkennara og samræmingu á dagskrá fyrir veturinn. Einnig var rætt um þátttöku félaganna á Reykjavíkurdögum fyrir næsta ár.
5. Félagshúsið. Umræða um notkun félagshússins. Senda þarf minnisblað til Kópavogsbæjar vegna aðstöðu fyrir verkefni í tengslum við einhverf börn í grunnskólum bæjarins. Þá hefur fræðslustjóri Kópavogsbæjar óskað eftir tillögu frá félaginu varðandi kynningu á hestamennsku í grunn- og leikskólum bæjarins.
6. Fjárhasáætlanir bæjarfélaganna. Senda þarf beiðnir á bæjarfélögin vegna þátttöku í kostnaði á ýmsum verkefnum á félagssvæði Sprettis á næsta ári.
7. Nefndarkvöldið. Senda þarf út póst á formenn nefnda vegna boðunar á nefndarkvöld.
8. Önnur mál.
 - Linda kynnti bréf Halldórs, formanns reiðveganefndar. Nefndin vinnur að undirbúningi reiðvega ásamt því að senda inn athugasemdir til Kóp.bæjar varðandi malbikunarframkvæmdir á svæðinu.
 - Auglýsing LH vegna Landsmóta árin 2020 og 2022. Farið yfir auglýsinguna og málið rætt.
 - Ráðstefna LH um framtíð Landsmóta. Ákv. að stjórn Sprettis sendi athugasemd til LH vegna boðaðrar ráðstefnu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálsdóttir